

Nd.

74. Nefndarálit

[70. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

Frá 1. minni hl. samgöngunefndar.

Kjaradeila flugfreyja við Flugleiðir hf. kemur í kjölfar samninga Flugleiða við flugmenn í ársbyrjun 1985. Báðir deiluaðilar hafa upplýst að þeir samningar jafngildi u.þ.b. 43% launahækkun á samningstímabilinu. Í greinargerð frá Flugleiðum hf. segir að félagið hafi eftir þá samninga boðið flugfreyjum sambærilegar hækkanir en Flugfreyjufélag Íslands hafi hafnað því tilboði og lagt fram kröfu um miklu meiri launahækkanir. Flugfreyjur vísa þessu algerlega á bug. Þær staðfesta að umrætt tilboð hafi að vísu komið fram en það hafi verið dregið til baka skömmu síðar.

Aðilar að deilunni eru því ósammála um sjálft upphaf hennar og auk þess eru þeir ósammála um mörg meginatriði í gangi mála síðan, m.a. um kröfugerðina sjálfa og mat á henni, svo og um þau tilboð sem gerð hafa verið til lausnar deilunni.

Fyrir liggur þó að Flugleiðir hf. hafa boðist til að hækka laun flugfreyja um 19,2% auk beinna greiðslna fyrir liðinn tíma. Eru aðilar að mestu sammála um að þetta sé til samræmis við almennar meðaltalshækkanir á vinnumarkaðinum. Auk þess segjast Flugleiðamenn hafa boðið nokkrar lagfæringar á öðrum kjaraatriðum og lýst sig reiðubúna til þess að ræða hugsanlegar starfsaldurs- og launaflokkahækkanir, og er það staðfest af fulltrúum Flugfreyjufélagsins. Mikill ágreiningur er hins vegar um það milli deiluaðila hvort þetta tilboð sé

í samræmi við þá kjarasamninga sem Flugleiðir hf. hafa gert við aðra flugliða, svo sem flugmenn. Flugleiðamenn segja að svo sé en flugfreyjur halda því fram að flugmenn hafi fengið enn meiri hækkanir.

Þá er einnig upplýst að mikill ágreiningur er milli deiluaðila um þá kröfu Flugfreyjufélagsins að vaktaálag verði greitt á laun flugfreyja, svo og yfirvinnugreiðsla, til samræmis við þann hátt sem hafður er á slíkum greiðslum almennt á vinnumarkaðinum. Af hálfu Flugleiða hf. er fullyrt að félagið inni slíkar greiðslur af hendi og vaktaálagsgreiðslur séu innifaldar í launum. Flugfreyjur vísa þeirri fullyrðingu algerlega á bug og benda á að verði laun flugfreyja samræmd launagreiðslum til annarra aðila verði að fallast á kröfur þeirra um slíkar greiðslur.

Þannig er ágreiningur milli aðila um flestöll málsatvik — bæði um sjálf efnisatriðin og mat ágreiningsefnis. Ljóst er aðeins að mikið djúp er staðfest á milli deiluaðila og ekki eru uppi hugmyndir um efnislega lausn eins og sakir standa. Sáttatillaga mun t.d. ekki vera í smíðum.

Á þeim stutta tíma, sem Alþingi hefur haft til þess að fjalla um málið, er ógerningur að meta og taka efnislega afstöðu til ágreiningsatriðanna. Vandinn, sem Alþingi horfist í augu við, er sá að finna farveg sem hægt sé að beina deilumáli þessu í þannig að lausn geti fengist á grundvelli vandaðs mats á ágreiningsefnum og með hliðsjón af þeim launabreytingum sem orðið hafa í landinu, einkum launabreytingum sem orðið hafa hjá öðrum flugliðum hjá Flugleiðum, — sem deilt er um hverjar séu. eru fáir kostir góðir í þessum efnum þegar svo er komið að verkfall er hafið, engar sérstakar hugmyndir eru uppi hjá deiluaðilum sjálfum um hugsanlega lausn málsins og sáttasemjari — meðalgöngumaður deiluaðila — hefur ekki treyst sér til þess að gera sáttatillögu vegna þess hversu mikið ber á milli í deilunni.

Um áramót verða kjarasamningar almennt lausir og kemur þá til kasta aðila vinnumarkaðarins að móta samræmda stefnu í launamálum. Langæskilegast er að sem flestir aðilar á vinnumarkaðinum hafi þá samninga sína lausa og marki launastefnu sína þannig að eitthvert samræmi geti orðið milli hópa. Er þetta ekki síst mikilvægt fyrir lægst launaða fólkið sem allir segjast vera sammála um að beri að standa sérstakan vörð um. Út frá því sjónarmiði er æskilegt að launaákvæðanir fyrir sem flesta starfshópa geti þá farið saman.

Eins og málin standa nú í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., þar sem engin hugmynd virðist vera uppi um efnislega lausn, getur þingflokkur Alþýðuflokksins eftir atvikum fallist á að óhjákvæmilegt sé að fresta aðgerðum til áramóta þegar almenn stefnumótun í kjaramálum skal hvort eð er fara fram. Hlutlausum gerðardómi verði falið að leggja vandað og hlutlægt mat á ágreiningsefni deiluaðila og fella bráðabirgðaúrskurð sem tryggir flugfreyjum ótvírætt sambærilegar launahækkanir og aðrir starfshópar hafa fengið, sérstaklega aðrir flugliðar hjá Flugleiðum hf., eins og tekið er fram í frv. Þannig eru flugfreyjum tryggðar kjarabætur sambærilegar þeim sem aðrir hafa fengið uns launþegar og vinnuveitendur móta í viðræðum eftir örfáar vikur sameiginlega og samræmda heildarlaunastefnu fyrir einstakar stéttir og starfshópa.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur því ákveðið að styðja frv. með þessum rökstuðningi sem óhjákvæmilega bráðabirgðalausn á djúpstæðu ágreiningsefni sem engin von er til að deiluaðilar eða sáttasemjari leysi. Undirritaður leggur því til að frv. verði samþykkt.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem gripið er til slíks neyðarúrræðis í kjaradeilum flugliða. Hafa allir eldri stjórnmalaflokkarnir átt hlut að slíkum aðgerðum. Samsteypustjórn Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks 1978—1979 stóð að slíkri lagasetningu og naut þá stuðnings þingmanna allra þessara flokka.

Alþingi, 23. okt. 1985.

Sighvatur Björgvinsson.